

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. mars 2017
2017030025/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um Umhverfisstofnun, umsögn

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um Umhverfisstofnun (heildarlög), 204. mál.

Náttúrufræðistofnun telur framangreint frumvarp mjög til bóta og skýra hlutverk Umhverfisstofnunar. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hefur verið tekið tilliti til athugasemda Náttúrufræðistofnunar við vinnslu þess og gerir stofnunin því aðeins eina athugasemd við frumvarpið. Í 2. mgr. 1. gr. laganna mætti laga orðalag en þar segir ***að hlutverk Umhverfisstofnunar sé að stuðla að hreinu og heilnæmu umhverfi og vernd og fjölbreytileika náttúru með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.*** Líklega færi betur að laga orðalagið að markmiðssetningu laga um náttúruvernd en þar segir 1. mgr. 1. greinar: *Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir fongum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndum þess sem þar er sérstætt eða....* Þá gæti framangreind setning hljóða svona: **Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að hreinu og heilnæmu umhverfi og að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru og þróun náttúrunnar með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.**

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

